

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 234/2022

2023/EES/31/07

frá 23. september 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1849 frá 21. október 2021 um að leiðrétta tilteknar tungumálaútgáfur af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/464 um tilteknar reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar skjöl sem þörf er á vegna afturvirktrar viðurkenningar á tímabilum vegna aðlögunar, framleiðslu á lífrænum vörum ásamt upplýsingum sem aðildarríki eiga að láta í té ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1921 frá 4. nóvember 2021 um að leiðrétta króatísku tungumálaútgáfuna af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/464 um tilteknar reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 að því er varðar skjöl sem þörf er á vegna afturvirktrar viðurkenningar á tímabilum vegna aðlögunar, framleiðslu á lífrænum vörum ásamt upplýsingum sem aðildarríki eiga að láta í té ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 54bc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/464) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32021 R 1849:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1849 frá 21. október 2021 (Stjttíð. ESB L 374, 22.10. 2021, bls. 10),
- **32021 R 1921:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1921 frá 4. nóvember 2021 (Stjttíð. ESB L 391, 5.11. 2021, bls. 41).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2021/1849 og (ESB) 2021/1921, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 374, 22.10.2021, bls. 10.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 391, 5.11.2021, bls. 41.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.